

## Starfsreglur foreldraráðs leikskólans Akra

1. Foreldraráð leikskólans Akra er skipað þremur foreldrum hið minnsta og er kosið á almennum foreldrafundi að hausti til eins árs. Leikskólastjóri eða staðgengill hans starfar með leikskólaráði.
2. Foreldraráð velur sér formann og ritara á fyrsta fundi. Skólastjóri /formaður síðasta árs skal hafa forgöngu um að fyrsti fundur sé boðaður.
3. Formaður ráðsins boðar fundi með dagskrá en einnig er meðlimum ráðsins og skólastjóra heimilt að taka mál á dagskrá á fundinum sjálfum. Allir meðlimir ráðsins og skólastjóri geta farið fram á að boðað sé til fundar um ákveðið málefni. Formaður skal þá boða strax til fundar.
4. Fundargerðir ráðsins skulu vera aðgengilegar foreldrum. Komi til þess að foreldraráð ræði um viðkvæm mál sem tengjast t.d. starfsmönnum og foreldrum skal fundarliður merktur "Trúnaðarmál" án frekari lýsinga í fundargerð.
5. Foreldrar skulu hafa upplýsingar um hverjir eru í ráðinu, á hvaða deildum þeir hafi börn ásamt upplýsingum um hvernig hægt sé að hafa samband við viðkomandi.
6. Foreldraráð skal gjarnan funda með stjórn foreldrafélagsins á hverju ári og halda opna foreldrafundi meti ráðið að slíkt þurfi.
7. Foreldraráð er vettvangur fyrir foreldra til að koma að athugasemdum, almennum kvörtunum eða fyrirspurnum gagnvart skólastjórnendum. Foreldraráð svarar ekki einstaka foreldrum um niðurstöðu mála.
8. Foreldraráð skal að eigin frumkvæði eða eftir ábendingum foreldra um einstaka mál kalla eftir því hvernig ferli máls var háttað, í því augnamiði að tryggja sanngjarna meðferð og rýna í mögulegt endurmat á ferlum.
9. Foreldraráð skal halda rafrænt skjalasafn sem það afhendir komandi foreldraráði. Skjalasafnið heldur utan um gögn ráðsins; gerðabók og annað.
10. Foreldraráð gerir grein fyrir starfi ráðsins síðastliðið ár á opnum foreldrafundi þar sem einnig er kosið í nýtt foreldraráð.

Samið af foreldraráði Akra í samstarfi við leikskólastjóra. Samþykkt af foreldraráði þann 15. maí 2020.